



# KVENRÉTTINDAFÉLAG ÍSLANDS

stofnað 27. janúar 1907.  
Hallveigarstöðum, Túngötu 14, 101 Reykjavík.  
Sími 551 8156, Símríti 562 5150.

Alþingi  
Erindi nr. P 125/1017  
komudagur 13.3.2000

Reykjavík 7. mars 2000

## Alþingi Berist til Félagsmálanefndar

Umsögn vegna frumvarps til laga um jafnan rétt kvenna og karla.  
272. mál heildarlög.

Kvenréttindafélag Íslands (KRFÍ) sendir hér með umsögn sína vegna frumvarps um jafnan rétt kvenna og karla.

KRFÍ lýsir almenntri ánægju með frumvarpið og fagnar aukinni umræðu um jafnréttismál. Örfáar athugasemdir eru þó við einstakar greinar.

### Vegna 7. greinar frumvarpsins vill Kvenréttindafélag Íslands taka fram eftirfarandi:

Kvenréttindafélag Íslands hefur verið leiðandi í jafnréttisumræðunni hér á landi í hartnær heila öld. Kvenréttindafélagið var stofnað árið 1907 til að berjast fyrir kosningarétti og kjörgengi kvenna og hefur á öldinni starfað einvörðungu að jafnréttismálum með þeim árangri að saga jafnréttisbaráttunnar og saga Kvenréttindafélagsins er samofin.

Félagið er enn mjög virkt og er nú sem fyrr vettvangur opinna umræðu um jafnréttismál. Það er því með öllu óásættanlegt að KRFÍ og Kvenfélagasamband Íslands hafi sameiginlegan fulltrúa í Jafnréttisráði.

Af gefnu tilefni er rétt að taka fram að KRFÍ og KÍ eru ekki samsvarandi aðilar á sviði jafnréttismála sbr. 7. gr. í athugasemdum frumvarpsins.

Sérstaða KRFÍ felst m.a. í því að stjórn félagsins er skipuð fulltrúum úr öllum stjórnarmálaflokkum og starfar félagið því á þverpólítískum forsendum auk þess sem félagið hefur helgað sig jafnréttisbaráttunni einvörðungu.

Auk þess þykir stjórn KRFÍ það skjóta skökku við að draga úr áhrifum frjálsra félagasamtaka með þeim hætti að sameina fullrúa eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu þegar þróunin í nágrennlöndum er á þann veg að auka vægi frjálsra félagasamtaka. KRFÍ telur miður ef þróunin yrði á annan veg hér á landi.

KRFÍ hlýtur því að mótmæla harðlega þeim áformum að svipta félagið sínu sæti í Jafnréttisráði.

### Vegna 4-6 greinur frumvarpsins eru gerðar eftirfarandi athugasemdir:

KRFÍ lýsir yfir áhyggjum af því að dregið verði úr málskotsrétti kærunefndar jafnréttismála og telur að sú tilhögun veki upp spurningar um vægi nefndarinnar.

### Vegna 20. greinar frumvarpsins eru gerðar eftirfarandi athugasemdir:

KRFÍ telur ekki kveðið nægilega fast að orði varðandi jafna skiptingu kynjanna í nefndir, ráð og stjórnir. Auk þess er mjög mikilvægt að einnig sé tekið tillit til kynjahlutfalls við skipanir í nefndir en ekki einungis við tilnefningar.

Virðingafyllst

f.h. Kvenréttindafélags Íslands

Kristín Þóra Harðardóttir  
framkvæmdastjóri KRFÍ